



Til lækna

Seltjarnarnesi, 25. júní 2009

2009010269/45.01/MH/gh

Dreifibréf Landlæknisembættisins Nr. 8/2009

Adrenalín, atrópín og efedrín nú skráð og markaðssett lyf

Talsverð óþægindi hafa skapast af því að stungulyfin adrenalín, atrópín og efedrín hafa eingöngu fengist afgreidd gegn undanþágu, en því fylgir mikil skriffinska. Í samráði við heilbrigðisyfirvöld hefur Actavis nú markaðssett þessi lyf.

Sérstök athygli er vakin á því að atrópín er nú í styrkleikanum 0.5 mg/ml, en var áður í 1.0 mg/ml.

Til Landlæknisembættisins hafa komið tilkynningar um að þessum lyfjum hafi verið víxlað vegna líkra nafna og líkra umbúða. Umbúðirnar hafa nú verið merktar mismunandi litum eftir lyfjum, adrenalín er í blárri pakkningu, atrópín í appelsínugulri og efedrín í grænni pakkningu, eins og nánar má sjá í meðfylgjandi tilkynningu frá Actavis.

Dreifibréf þetta er gert í samvinnu við Lyfjastofnun og Actavis.

Landlæknir

Ath: Dreifibréf Landlæknisembættisins verða framvegis eingöngu send í tölvupósti.